

Hvers vegna sidferdi.is?

Það hafa komið upp mörg málefni að undanfögnu í samfélaginu sem sumir myndu telja að séu ekki byggð á eðlilegu siðferði. Þar má nefna samskipti og stjórnun á vinnustöðum, ummæli aðila á samfélagsmiðlum og margt fleira. Margt af þessu hefur síðan verið til umræðu, bæði opinberlega og í lokuðum hópum, hvort sem er á samfélagsmiðlum, í vinarhópum, í starfsumhverfi og í fjölskyldum.

Stærsti hluti samfélagsins stendur líklega hjá í þessum málum og fámennir öfgahópar taka oft umræðuna og stýra henni. Það er því þörf fyrir hlutlausan vettvang með lausnamiðaðri umræðu sem hefur það að markmiði að leggja grunn að betra siðferði almenn í samfélaginu. Fyrsta verkefnið í þessu væri þá líklega að leggja grunn að einhverri viðmiðun um hvað er eðlilegt lágmarks siðferði og taka þá umræðu.

Þegar búið er að finna ákveðin grunnatriði um eithvað sem flestir samþykkja sem viðmiðunarpunkt í eðlilegu siðferði, þá kæmi þessi verkefni:

- stuðla að því að kynna lágmarks viðmið um siðferði í samfélaginu
- stuðla að því að farið sé eftir lágmarks viðmiðunum um siðferði allstaðar í samfélaginu.

Sidferdi.is er vettvangur sem settur hefur verið af stað til að halda utanum þessi verkefni og einnig að leggja grunn að samstöðu um að bæta siðferði almennt í samfélaginu. Það er ekki verið að tala um að ákveða siðferðisvitund hvers og eins, heldur að stuðla að því að **setja ákveðið lágmarksviðmið um siðferði í samfélaginu**.

Hvað er siðferði?

Siðferði er fólgið í þeim reglum (í viðum skilningi orðsins) er varða lífnaðarhætti okkar, **breytni og samskipti við annað fólk, dýr og jafnvel umhverfið líka** – með öðrum orðum þeim kröfum sem gerðar eru til okkar um hegðun og breytni – einkum að svo miklu leyti sem þessu verður lýst sem góðu eða slæmu, réttu eða röngu.

Er munur á siðferðilega réttum og siðferðilega röngum athöfnum, gildum eða stofnunum? **Hvaða athafnir eru réttar og hverjar eru rangar?**

Eru gildi algild eða afstæð? **Hvernig er best að lifa lífinu?** Er til staðlandi gildi sem er grundvöllur allra annarra gilda? Er gildi 'í' heiminum (eins og stólar og borð) og ef ekki, með hvaða skilningi eigum við þá að skilja verufræðilega stöðu þeirra?

Guðmundur G. Hauksson

kt. 3007542799

gudmundur@gordon.is

Sími 8930014

